

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Hörðuvellir – Heilsu-, íþrótt- og fræðasetur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 11. nóvember 2025, breytingu á deiliskipulaginu Hörðuvellir – Heilsu-, íþrótt- og fræðasetur sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. júlí 2005 með síðari breytingum og Hörðuvellir, miðsvæði, sem samþykkt var í bæjarstjórn 28. ágúst 2014 en heildarskipulagið sem er í gildi á svæðinu er deiliskipulag Hörðuvalla samþykkt í bæjarstjórn 24. júlí 2003. Í breytingunni felst nýr keppnisvöllur norðan við íþróttahúsið Kórinn í samræmi við kröfur Knattspyrnusambands Íslands til knattleikja í efstu deild m.a. með tilliti til lágmarksfjölda áhorfenda í sætum með yfirbyggðu þaki auk aðstöðu fyrir fjölmiðla og flóðlýsingar. Austan keppnisvallarins er gert ráð fyrir yfirbyggðri áhorfendastúku allt að 3.000 m². Áætlað heildarbyggingarmagn á lóðinni verður áfram samtals 41.500 m² og nýtingarhlutfall 0,61. Tillagan gerir auk þess ráð fyrir stækkun lóðarinnar um 600 m² úr 67.662 m² í 68.262 m² til norðurs og austurs. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. desember 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025